

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

11. fundur haldinn í Borgartúni 3, Reykjavík, mánudaginn, 19.maí 2008 kl. 13.25.

Eftirtaldir nefndarmenn sátu fundinn:

Reykjavík: Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður og Svandís Svavarsdóttir.

Kópavogur: Einar Kr. Jónsson og Jón Júlíusson.

Hafnarfjörður: Gísli Ó. Valdimarsson varaformaður og Rósa Guðbjartsdóttir.

Garðabær: Stefán Snær Konráðsson.

Mosfellsbær: Finnur Birgisson.

Seltjarnarnes: Stefán Bergmann.

Álftanes: Kristinn Guðlaugsson.

Kjósarhreppur:

Fulltrúi Skipulagsstofnunar: Stefán Thors

Auk þess sátu fundinn: Smári Smáráson og Birgir H. Sigurðsson, Kópavogi, Arinbjörn Vilhjálmsson, Garðabæ, og Guðmundur Malmquist SSH sem ritaði fundargerð.

Hanna Birna Kristjánsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. **Fundargerð 10. fundar frá 25. apríl** sl. Fundargerðin var lögð fram og samþykkt.
2. **Afgreiðsla á tillögu að breyttu svæðisskipulagi Vatnsendahlíð-Þing í Kópavogi.** Formaður las upp bréf með málsmeðferðartillögu frá Einari K. Jónssyni. Formaður gerði tillögu um breytingar sem flutningsmaður samþykkti. Svohljóðandi tillaga að bókun var síðan samþykkt: “Samvinnunefnd felur Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen að yfirfara tillögu að umsögn um innsendar athugasemdir sem gerðar hafa verið af Alemmu verkfræðistofunni og senda samvinnunefnd. Umsögnin skal gerð um allar innsendar athugasemdir sem borist hafa, þ.m.t. þær sem bárust eftir að athugasemdafrestur var liðinn” Umræður urðu um “Græna trefilinn”og reiðstíga á mörkum Garðabæjar og Kópavogs undir þessum lið.
3. **Tvöföldun Suðurlandsvegar- ósk um breytingu á svæðisskipulagi.** Erindi dagsett í dag lagt fram frá Línuhönnun. Framkvæmdastjóra var falið að óska eftir því að gögn málsins yrðu send til nefndarmanna á tölvutæku formi. Afgreiðslu málsins frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.50.